

Sjálfbærnimenntun í leikskóla 2017-19

Nafn/nöfn styrkþega: Maricris Castillo de Luna

Hvers vegna varð verkefnið fyrir valinu?

Maricris kennari í Lundabóli er í meistarnámi við Háskóla Ísland og valdi sér sjálfbærni sem valfag. Hún uppgötvaði þegar leið á námið að hugmyndafræði Sjálfbærni væri eitthvað sem við yrðum að kenna börnunum, því fyrir því betra.

Með því að fræða börnin um samfélagið sem þau tilheyra, endurnýtingu og umhverfismennt þá erum við að valdefla þau og þjálfa þrautseigju (resiliency) sem myndi gagnast þeim í framtíðinni.

Maricris byrjaði að segja frá og sýna, fræða bæði börn og starfsfólk um hvernig maðurinn hafi gengið á auðlyndir náttúrunnar og hversu mikilvægt væri að stöðva þessa óæskilegu þróun og hvað það væri auðvelt fyrir okkur öll að taka þátt. Þá lærðum við hugtakið geta til aðgerða (action competence) sem felur í sér að allir geti lagt sitt af mörkum og saman tekst okkur að gera ótrúlegustu hluti.

Hvert er markmið verkefnisins?

Hugmyndin er að heimatilbúinn ormur ferðist á milli heimila í Garðabæ ásamt bók með fróðleik um hvernig fjölskyldur geti tekið þátt með því að fara í einfaldar sjálfbærni aðgerðir á heimilinu. Það er til dæmis hægt að ganga í búðina og velja vörur sem eru frá Íslandi eða löndum næst okkur. Gróðursetja, flokka, endurnýta og fá hugmyndir um hvað sjálfbærni hugtakið nær yfir mikið af litlum hlutum sem auðvelt er að breyta og aðlagast.



Það er mikilvægt að kenna börnum sem allra fyrst að ganga vel um landið okkar, jörðina og hvað þau geti gert til að vernda þær auðlindir sem við eigum. Börn eru mjög áhugasöm um umhverfið sitt og fljót að tileinka sér nýjungar og annan hugsunarhátt. Börnin fengu kynningu og unnu að fjölmörgum verkefnum sem við tengjum við sjálfbærni. Þau skoðuðu sig sjálf í stóra samhenginu sem lítið púsl í stóra púsluspilinu. Allir hafa áhrif og það sem við gerum í

framkomu almennt getur haft áhrif á allan heiminn. Þau lærðu að ganga vel um leikskólann sinn, bæinn og heimilið sitt. Hvernig nýtum við hlutina til að láta þá endast og hvað er rusl og hvað þau geta gert til að sporna við því að rusl safnist fyrir í heiminum. Umhverfismennt, gróður og sjórinn hvað er hægt að gera til að vernda náttúrunna og bera virðingu fyrir henni. Þau bjuggu til sjó og sáu með eigin augum að plast eyðist ekki í sjónum og áttuðu sig á að þegar búið er að menga sjóinn t.d með olíu, þá er mjög erfitt að hreinsa hann aftur. Þau fengu gefins plöntur á gróðrastöð og gróðursettu í mold og fengu ábyrgð á að vökva og halda þeim á lífi. Þau lærðu að flokka rusl, endurnýta og öðluðust skilning á hvernig best sé að ganga um landið okkar með það fyrir augum að vernda auðlindir okkar sem best. Ásamt fjölmörgum öðrum verkefnum og vangaveltum.

Kom eitthvað óvænt upp á í framkvæmd verkefnisins?

Það kom kannski mest á óvart hvað allir sem koma að verkefninu eru fljótir að tileinka sér nýja hugsun og aðrar áherslur. Börnin eru opin og virk og hafa náð með Jarðorminum að kenna foreldrum sínum nýjar aðferðir og nýja hugsun. Börnin horfa öðruvísi á umhverfið og koma með athugasemdir ef þeim finnat eitthvað skrítið, einnig eiga þau til að ganga um og týna rusl á viðavangi og hafa þannig greinilega samúð með aumingja móður náttúru sem getur ekki losað sig við ákveðið rusl sjálf.

Hvaða áhrif hafði verkefnið á skólaþróun leikskólans?

Við búum í litlu samfélagi þar sem flestir eru eins, eins á litinn og í líkum aðstæðum heima fyrir. Þess vegna fannst okkur mikilvægt að kenna börnunum að allir eru einstakir, við erum öll sérstök.

Á jörðinni búa fullt af börnum og börnin í Garðabæ eru flest ljós á hörund og búa í vel byggðum húsum á meðan annarsstaðar á jörðinni eru börn sem eru dökk á hörund og búa í moldarhúsum, þetta er ólíkt en mjög margt er líkt með þessum börnum. Þau verða öll glöð á sama hátt og flest hræðast þau sömu hluti, öll gráta þau eins og hlægja. Kennum börnunum að horfa í það sem er líkt með okkur jarðarbúum enn síður að einbeita okkur að því sem er ólíkt.

Mikil vitundavakning varð á meðal barna og eins foreldra þeirra. Þau lærðu að börn eru allskonar og aðstæður þeirra mismunandi og þau eiga kannski minna en eru jafn ánægð með það sem þau hafa. Viðhorf barnanna til fjölbreytileikans er aðdáunarvert og mikilvægt að styrkja þessa hugsun að allir hafa eitthvað fram að færa og saman getum við gert svo margt gott og fallett.

Mat á verkefninu

Fyrir svona stórt verkefni með þessa fjármuni er ekki raunhæft að ætla að koma öllu í verk á einu skólaári. Við vorum að vinna þetta verkefni á tveimur skólaárum og byrjuðum að hausti 2017 og kláruðum að vori 2019. Þetta verkefni gaf okkur mikið og sáði frægum bæði til okkar starfsfólksins, barnanna okkar og foreldra sem við komum öll til með að búa að til framtíðar.

Hvernig verður unnið með niðurstöður verkefnisins/afurð?

Við eigum vefsíðu <https://earthwormerasmus.wixsite.com/earthwormerasmus> þar sem við getum miðlað upplýsingum og fræðslu fyrir foreldra og kennara um hvernig hægt sé að kenna Sjálfbærni.

Ráðstöfun styrks

Heildarupphæð : 1.250.000_____

Laun		300.000
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla		585.000
Gögn		364.963

